



almannaheill
samtök þriðja geirans

Stjórnarfundur 2. febrúar 2017 Um Fund fólksins 2017

Sigtúni 42

Fundur fólksins 2017

Taka þarf ákvörðun fyrir miðjan febrúar með Fund fólksins 2017.

Vel tókst til með Fund fólksins 2016 og könnun frá í haust sýnir að þátttakendur voru ánægðir.

Ljóst er að breytingar verða. Norræna húsið mun ekki hýsa fundinn. Óvíst er með áhuga stjórnmalaflokka og aðila vinnumarkaðsins. Ríkið og Reykjavíkurborg styðja um 6 m.kr. en það kostar meira að halda fundinn – mun meira en síðasta ár þar sem nú verður ekki styrkur frá Norræna húsinu og Norrænu ráðherranefndinni. Mikil vinna var á stjórn Almannaheilla.

Menningarfélag Akureyrar og Akureyrarstofa hafa boðist til að halda fundinn 2017.

Stjórn Almannaheilla er óviss með framhaldið.

Vinnuhópur Almannaheilla var stofnaður til að leggja til áætlun. Jónas, Þóra, Ásdís og Ketill.

Lagt var til:

- Funda með Reykjavíkurborg og velferðaráðuneytinu
- Fá fram vilja aðildarfélaga á félagsfundinum 18. jan
- Senda forsvarfólki stjórnmalaflokkanna spurningu um áhuga

Draga saman niðurstöðurnar og leggja fyrir stjórnarfund Almannaheilla í byrjun febrúar og svara AEY.

Afstaða styrktaraðila

Afstaða Reykjavíkurborgar og Félagsmálaráðuneytisins

Félagsmálaráðuneytið tekur ekki afstöðu til staðarvals fyrir Fund fólksins. Hefur ekki áhrif á samning.


Reykjavíkurborg vill kanna möguleikana á að finna annan fundarstað í Reykjavík. Hafa óskað eftir lýsingu á þörfum fyrir aðstöðu.

Afstaða stjórnmalamanna

Póstur með skoðanakönnun var send á formenn, þingflokksformenn og framkvæmdastjóra allra flokkanna sem tóku þátt í Fundi fólksins 2016. Alls 26 aðila. Svör hafa borist frá 4 aðilum sem er 15,4%.

Hefur stjórnmalaflokkur þinn mikinn eða lítinn áhuga á að taka þátt í Fundi Fólksins sumarið 2017


(4 responses)



- Við höfum mjög mikinn áhuga á að taka þátt
- Við höfum frekar mikinn áhuga á að taka þátt
- Við höfum frekar lítinn áhuga á að taka þátt
- Við höfum mjög lítinn áhuga á að taka þátt

Myndi flokkur þinn taka þátt ef Fundur Fólksins færi fram á eftir farandi stöðum


(4 responses)



- Akureyri
- Reykjavik
- Other

Hvort myndi flokkur þinn telja að Fundur fólksins ætti að fara fram í byrjun júní eða september

(4 responses)




- Byrjun júní
- Byrjun september
- Other

Afstaða aðildarfélaga

Fundur fólksins var ræddur á félagsfundi Almannaheilla þann 18. janúar. Í kjölfarið var ákveðið að senda aðildarfélögum skoðanakönnun. Póstur með skoðanakönnun var sendur á formenn og framkvæmdastjóra aðildarfélaga, alls 67 manns. Af þeim hafa 14 svarað eða 20,1% svarhlutfall.


Telur þú mikilvægt eða ekki mikilvægt að Almannaheill skipuleggi Fund Fólksins sumarið 2017

(14 responses)




Hefur þitt félag mikinn eða lítinn áhuga á að taka þátt í Fundi Fólksins sumarið 2017

(14 responses)




Myndi félag þitt taka þátt ef Fundur Fólksins færi fram á eftir farandi stöðum

(14 responses)



Hvort myndi félag þitt telja að Fundur fólksins ætti að fara fram í byrjun júní eða september

(14 responses)



Niðurstaða stjórnarfundar

Samþykkt að Almannaheill standi fyrir Fundi fólksins sumarið 2017.

Samþykkt að fyrsta helgin í september verði fyrir valinu.

Fundinum þykja ekki nægar forsendur til að taka afstöðu til staðarvals. Samþykkt að fá nánari upplýsingar frá Akureyri og Reykjavíkurborg með tillögum um framkvæmdina. Óskað eftir að tillögur liggi fyrir fyrir 15. febrúar og að stjórn Almannaheilla svari fyrir 20. febrúar.

Almannaheill vill halda í grunnhugmyndina við fund fólksins sem lýðræðishátíð að norrænni hefð. Við viljum þó áfram þróa Fund fólksins og erum ekki bundin því formi eða dagskrá sem verið hefur verið tvö fyrstu árin. Við gerum þó ráð fyrir að eftirfarandi muni einkenna Fund fólksins

- Öllum stjórn mála flokkum, og löglegum félagasamtökum verður boðið að taka þátt
- Dagskráin verði í formi uppákoma og funda sem þátttakendafélögin skipuleggja sjálf.
- Samstarfsaðili þarf að útvega húsnæði og umgjörð um Fund fólksins (sambærilega við það sem Norræna húsið hefur lagt af mörkum hingað til)
- Gert er ráð fyrir að ráðinn verði sérstakur verkefnastjóri fyrir verkefnið og þar verði stýrihópur sem taki meiriháttar ákvarðanir og styðji við verkefnastjórnann. Almannaheill eigi þar aðila.
- Fjármögnun fundarins verði alfarið með styrkjum, framlagi samstarfsaðila og þátttökugjöldum. Almannaheill hefur ekki burði til að fjármagna FF með rekstrarfé sínu.